

133

30. sept.

AUGLÝSING

um breyting á Lyfsöluskrá I frá 15. september 1959.

Frá 1. október 1961 breytist verð á lyfjum samkvæmt Lyfsöluskrá I frá 15. september 1959 þannig, að álag það, sem ákveðið var 32% frá og með 28. nóvember 1960, verði 50%, og afgreiðslugjald, sem ákveðið var kr. 2.00 á hverja afgreiðslu lyfja í lausasölu skv. lyfsöluskrá I, verði kr. 2.25. Enn fremur að 25% álag það, sem ákveðið var 1. maí 1960 á verð á umbúðum og öðrum en ampúllum og hettuglösum, sem sérstaklega eru reiknaðar með í einingarverði injectabilia í lyfsöluskrá I breytist í 40%.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. september 1961.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

134

30. sept.

AUGLÝSING

um breyting nr. 2 á Lyfsöluskrá II frá 1. febrúar 1961.

Frá 15. október 1961 hækkar verð lyfja samkvæmt lyfsöluskrá II frá 1. febrúar 1961 um 12%.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. september 1961.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

135

2. okt.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á 360 aura hverja kwst.
2. Um kwst.mæli á 100 aura hverja kwst. auk fastagjalds, er nemi 550 kr. á ári fyrir allt að 25 m² gólflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, og 17 kr. fyrir hvern m² umfram 25 m². Fullt fermetragjald skal greiða af gólffleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum en fyrir geymslur og ganga skal deila í fermetragjaldið með 3.5.

Séu notaðir flúrskinslampar, natriumlampar eða kvikasílfurslampar með ófasviksjöfnuðum straumrásum, er heimilt að miða orkugjaldið skv. 1. og 2. tölulið við kilovoltamperstundir í stað kilowattstunda.